

14. desember, 2009

Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsgötu 4
150 Reykjavík

Vegna fyrirhugaðra breytinga á höfundalögum vill Félag um stafrænt frelsi á Íslandi (FSFÍ) koma á framfæri athugasemdum við drög að frumvarpi til laga um breytingar á höfundalögum nr. 73/1972 með áorðnum breytingum, dagsettum 23. nóvember 2009:

Athugasemdir FSFÍ varða einkum 11., 12. og 13. gr. frumvarpsins. Í þessum greinum er að finna tillögur að reglum sem fela í sér talsverð frávik frá meginreglum þeirra réttarsviða sem í hlut eiga. Í stað þess að gera megi muni í tengslum við brot gegn höfundalögum upptæka með sama hætti og þegar um önnur afbrot er að ræða er lagt til að heimilt verði að ákveða í dómi að slíkir munir skuli afhentir brotþola á kostnað brotamanns. Í stað þess að dæmdar séu skaðabætur með sama hætti og í öðrum tjónstílvikum er lagt til að skaðabætur vegna tjóns sem leiðir af brotum á höfundalögum verði ákvarðaðar með óhefðbundnum hætti. Í stað þess að einungis eigandi hagsmuna sem ógnað er hafi heimild til að krefjast lögbanns er lagt til að slík heimild sé fengin samtökum, án tillits til þess hvort þau hafa umboð frá eiganda hagsmunanna eða önnur tengsl við hann. Lagt er til að dómara verði heimilt að skipa aðila í dómsmáli vegna brota gegn höfundalögum að leggja fram tiltekið sönnunargagn, en eins og fram kemur í frumvarpinu er slíka heimild ekki að finna í héraðslögum. Í frumvarpinu er þannig lagt til að aðrar reglur verði láttnar gilda um brot gegn höfundalögum en gilda um brot gegn öðrum lögum, meðal annars hvað varðar upptöku muna, ákvörðun skaðabóta, beiðni um lögbann og sönnun í dómsmáli.

Ljóst er að þau frávik frá meginreglum refsiréttar, réttarfars og skaðabótaréttar sem tillögur frumvarpsins fela í sér þarf að rökstyðja rækilega. Útskýra þarf hvaða ástæður standi til þess að láta aðrar reglur gilda um upptöku muna, skaðabætur, lögbann og öflun sönnunargagna í málum sem varða brot gegn höfundalögum en gilda í öðrum málum. Til að unnt sé að fallast á undantekningar þær frá meginreglum sem tillögur frumvarpsins fela í sér verður að liggja ljóst fyrir að sérstök sjónarmið eigi við um höfundarétt sem réttlæti þessar undantekningar. Sýna þarf fram á að höfundaréttur sé frábrugðinn öðrum lögvörðum réttindum að því marki að setja beri sérstakar reglur

til verndar honum, enda dugi almennar reglur ekki til.

Afstaða höfunda frumvarpsins virðist móttast öðru fremur af mati á þeim hagsmunum sem eigendur höfundaréttar hafa af því að fá fullnustu réttar síns. Sjálfsagt og eðlilegt er að slíkum sjónarmiðum sé fengið vægi við móttun nýrra laga. Jafnframt er þó ljóst að slík sjónarmið eru ekki þau einu sem taka ber tillit til. Lög hljóta eðli sínu samkvæmt ætíð að taka mið af og gera tilraun til að setta ólík og andstæð sjónarmið og ráðast af mati á hagsmunum margra ólíkra hópa. Vitanlega er ekki hægt að setja lög sem taka einvörðungu mið af sjónarmiðum eða tillit til hagsmuna eins þjóðfélagshóps. Skírskotun til hagsmuna eigenda höfundaréttar af því að geta framfylgt rétti sínum dugir því engan veginn ein og sér til að réttlæta breytingar á lögum.

Tilgangur FSFÍ er að standa vörð um stafrænt frelsi. Með stafrænu frelsi er meðal annars átt við frelsi til athafna í hinum stafræna heimi sem tölvur og netið veita aðgang að. Ljóst er að þær tillögur sem felast í ákvæðum frumvarpsins geta haft mikil áhrif á þetta frelsi. Eins og ummæli í athugasemdum við 10. gr. veita vísbendingu um er ákvæðum frumvarpsins ekki síst ætlað að gilda um athafnir í hinum stafræna heimi. Þá eru þær nýjungar í höfundaréttarlöggjöf sem frumvarpið á rætur sínar að rekja til, meðal annars tilskipanir 2001/29/EB og 2004/48/EB, að stofni til viðbrögð við tæknipróun síðustu ára og fela í sér tilraunir til að laga höfundarétt að nýjum aðstæðum. Full ástæða er því til að ætla fyrirfram að efni frumvarpsins snerti hagsmuni tölvu- og netnotenda með beinum hætti. Þrátt fyrir þetta virðist fátt vera í frumvarpinu sem bendir til að tekið hafi verið nægilegt tillit til þessara mikilvægu hagsmuna. Þvert á móti virðist FSFÍ að með frumvarpinu sé vegið að þeim réttindum sem félagið berst fyrir. Þeim athugasemdum sem hér fara á eftir er komið á framfæri í þeirri von að unnt verði að taka tillit til þeirra við endurskoðun frumvarpsins.

Með 11. gr. frumvarpsins er lagt til að felldar verði brott þær takmarkanir sem nú eru á orðalagi heimildar til upptöku muna í 55. gr. höfundalaga. Í stað þess að rætt sé um „prentmót, prentsteypu, myndamót og þess háttar muni, sem varða undirbúning eða framkvæmd brots eða eru til slíks fallnir“, líkt og nú er gert, er í frumvarpinu aðeins rætt um „efni, áhöld og aðra muni, sem varða undirbúning eða framkvæmd brots eða eru til slíks fallnir“. Virðist orðalag frumvarpsins almennara en það orðalag sem nú er í lögnum og því gefa tilefni til rýmri skýringar. Afleiðingin gæti orðið sú að eftir breytingu laganna yrðu tilvik felld undir 55. gr. sem ekki hefðu verið talin rúmast innan orðalags greinarinnar áður.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram sú afstaða höfunda þess að hér sé einungis um orðalagsbreytingu að ræða sem feli ekki í sér efnislega breytingu á gildandi reglu. Ummæli héraðsdóms í dómi Hæstaréttar frá 11. júní 2009 í máli nr. 472/2008 benda til að skýra megi 55. gr. rýmkandi lögskýringu. Niðurstaðan í málinu varð sú að fella undir upptökuheimild ákvæðisins ýmiskonar

tölvubúnað sem notaður hafði verið til brota gegn lögnum. Með hliðsjón af þessari niðurstöðu má fallast á þann skilning að orðalagsbreytingar þær sem lagðar eru til í frumvarpinu feli ekki í sér efnislega breytingu. Hins vegar verður að telja að sú heimild til upptöku muna sem felst í 55. gr., samanber niðurstöðu áðurnefnds dómsmáls og þess orðalags sem fram kemur í frumvarpinu, sé of víðtæk.

Eins og niðurstaða ofanefnds dómsmáls sýnir ljóslega felst í reglu þeirri er hér um ræðir heimild til að gera upptækan tölvubúnað sem ætla má að hafi verið notaður í tengslum við brot gegn lögnum án tillits til þess hvort hlutverk búnaðarins í undirbúningi eða framkvæmd brotsins var stórt eða smávægilegt og án tillits til þess hvort hann er sérstaklega til þess fallinn að fremja afbrot eða ekki. Meðal þess búnaðar sem gerður var upptækur á grundvelli reglunnar í ofanefndu máli var búnaður sem fullyrða má að lítið hafi komið við sögu þeirra brota sem sakfelld var fyrir, svo sem lyklaborð, mýs og skjáir tölva. Þá voru gerðar upptækar tölvur sem ljóst er að hafa verið notaðar til fjölmargs annars en framningar afbrota og ætla má að talsverða þýðingu hafi haft fyrir eigendur sína.

Ljóst er að tölvur gegna æ mikilvægara hlutverki í lífi flestra og hafa nú allnokkra sérstöðu meðal heimilistækja. Fullyrða má að framvegis verði aðgangur að tölvu og netinu æ mikilvægari forsenda þess að borgarar geti stundað vinnu og nám, átt samskipti og notið réttinda sinna til fulls í lýðfrjálsu þjóðfélagi, enda verður þáttur netsins í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku sífellt miðlægari. Óumdeilt er að margir Íslendingar reiða sig nú þegar í miklum mæli á tölvur og netið í daglegu lífi sínu.

Samkvæmt framansögðu er ljóst að varhugavert getur verið að víðtæk heimild sé í lögum til að gera tölvur upptækar. Slík heimild er sérstaklega varhugaverð í ljósi þess að tölvunotendur geta hæglega lent í þeirri stöðu að brjóta gegn ákvæðum höfundalaga í grandleysi. Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram sá skilningur höfunda þess að almennir neytendur afþreyingar- og menningarefnis á stafrænu sniði séu með ákvæðum laganna settir í þá stöðu að brjóta höfundalög með grandlausri notkun venjulegs afspilunarbúnaðar. Taka má undir þau ummæli í frumvarpinu að slík staða sé óviðunandi. Hún er hins vegar óhjákvæmileg afleiðing þess samspils höfundaréttar og stafrænnar tækni sem við búum við í dag. Tryggja verður að þetta samspil leiði ekki til þess að heimilt verði að gera tölvur flestra ef ekki allra tölvunotenda upptækar, enda myndi slík heimild tæplega rúmast í lögum réttarríkis á borð við Ísland.

FSFÍ leggur áherslu á að skýrt verði kveðið á um í ákvæðinu að heimild til upptöku muna vegna brota gegn lögnum beinist fyrst og fremst gegn munum sem orðið hafa til í tengslum við brotin og munum sem notaðir hafa verið til að fremja þau og sérstaklega eru til slíks fallnir. Æskilegt væri að orðalag ákvæðisins tæki af allan vafa um að ekki sé heimilt að gera tölvur upptækar í tengslum

við slík brot, enda ekki sýnt að þær hafi orðið til við brot eða séu einkum og sér í lagi fallnar til að fremja þau.

FSFÍ bendir jafnframt á að samkvæmt orðalagi 11. gr. frumvarpsins sé þriðja manni sem í grandleysi eignast eintak sem orðið hefur til fyrir brot annars gegn lögnum, eða þriðja manni hvers eigur eru notaðar til að fremja brot án þess að hann sé viðriðinn brotið sjálfur, engin vernd fengin gegn því að eigur hans verði gerðar upptækar, en slíka takmörkun á heimild til upptöku er nú að finna í 55. gr. höfundalaga og 69. gr. almennra hegningarlaga. Afleiðingin gæti orðið sú að heimilt yrði að gera upptæka muni grandlauss þriðja manns sem annar maður hefði notað í heimildarleysi til að brjóta gegn höfundalögum. Þá stæði ákvæðið ekki í vegi fyrir því að heimilistölva sem einn margra heimilismanna hefði notað til að brjóta gegn lögnum yrði gerð upptæk eða eigur atvinnurekanda sem starfsmaður hefði notað í leyfisleysi. Verður ekki talið að almennt orðalag 4. mgr. 11. gr. um samræmi milli umfangs brots og ráðstafana eða tillits til hagsmuna þriðja manns veiti næga vörn gegn misbeitingu jafn víðtæks ákvæðis og hér um ræðir.

Í 12. gr. frumvarpsins er lagt til að við ákvörðun bóta fyrir tjón er leiði af brotum gegn lögnum verði ekki einvörðungu litið til þess tjóns sem ætlunin er að bæta, heldur jafnframt til þess ávinnings sem tjónvaldur kunni að hafa haft af tjónsatvikinu. Ljóst er að slík aðferð við ákvörðun skaðabóta fær ekki staðist. Skaðabætur hafa það markmið að gera tjónþola – en ekki tjónvald – eins settan og ef tjónið hefði aldrei orðið. Hvort tjónvaldur hefur hagnast eða ekki á því að valda tjóni kemur ekki til álita í skaðabótarétti, enda heyrir það ekki undir skaðabótarétt að refska brotamönnum eða endurheimta óréttmæta auðgun. Um slík tilvik gilda aðrar reglur.

Í bandarískum rétti tíðkast svonefndar refsikenndar bætur. Slíkar bætur eru ekki eiginlegar skaðabætur í þeirri merkingu sem það orð er notað hérlandis, enda er tilgangur þeirra ekki að bæta tjón heldur að refsa tjónvaldi. Óumdeilt er að slíkar bætur stríða gegn meginreglum íslensks skaðabótaréttar, enda er ein þeirra sú að tjónþoli skuli ekki hagnast á tjóni sínu.

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram sá skilningur höfunda þess að bætur samkvæmt 12. gr. frumvarpsins séu ekki refsikenndar bætur. Er sú niðurstaða rökstudd svo að ákvörðun bóta með þessum hætti sé „byggð á hlutlægu mati þar sem m.a. er tekið tillit til útgjalda réttthafa við hagsmunagæsluna, svo sem vegna kostnaðar við að bera kennsl á meintan brotaman og kostnað[ar] við rannsóknir á hinu ætlaða broti.”

Sé þetta hugsunin með ákvæðinu verður að telja eðlilegra að orðalag ákvæðisins sjálfs endurspegli hana, en þar kemur ekki fram að tillit beri að taka til þessara atriða. Jafnframt má efast um að þeir kostnaðarliðir sem höfundar frumvarpsins telja upp geti talist tjón sem tjónvaldur valdi eiganda

höfundaréttar við það að brjóta gegn rétti hans.

Í fyrsta lagi nefna höfundar frumvarpsins útgjöld rétthafa við hagsmunagæslu. Óþarft er að setja sérstakt ákvæði um að eðlilegur og nauðsynlegur kostnaður tjónþola við að gæta hagsmuna sinna vegna tjóns skuli bættur af tjónvaldi, enda leiðir það af almennum reglum. Hins vegar er varhugavert að heimila tjónþola að ákvarða einhliða til hvaða útgjalda hann megi stofna á kostnað tjónvalds við það að gæta hagsmuna sinna. Burtséð frá því hvort skilyrðinu um orsakatengsl milli háttsemi tjónvalds og kostnaðar tjónþola teldist fullnægt í slíkum tilvikum verður að hafa hliðsjón af þeirri meginreglu að tjónþola ber að takmarka tjón sitt eftir föngum. Verður að telja að almennar reglur skaðabótaréttarins tryggi nú þegar með fullnægjandi hætti að tjónþoli fái bætt það tjón, þar með talið nauðsynlegan kostnað við að gæta hagsmuna sinna, sem tjónvaldur telst hafa valdið með skaðabótaskyldum hætti. Er rétt að benda í þessu samhengi á dóm Hæstaréttar frá 30. október 2008 í máli nr. 70/2008.

Í öðru lagi nefna höfundar frumvarpsins kostnað við að bera kennsl á brotaman og kostnað við rannsóknir á hinu ætlaða broti. Það fær tæplega staðist að telja það vera í verkahring brotþola sjálfs að rannsaka brot og bera kennsl á brotaman, enda fælist í slíku fyrirkomulagi frávik frá þeirri meginreglu að réttarvarsla sé í höndum opinberra aðila. Það eru lögregla og saksóknarar sem lögum samkvæmt fara með rannsókn afbrota og því vandséð hvaða kostnaður vegna slíkra rannsókna geti fallið á brotþola.

Burtséð frá því hve óhefðbundnar þær skaðabótareglur eru sem mælt er fyrir um í 12. gr. frumvarpsins leggur FSFÍ áherslu á þá hættu sem ætla má að stafað geti af slíkum reglum. Sé heimilt að dæma skaðabætur einvörðungu á þeim grundvelli að brotið hafi verið gegn ákvæðum laga og án þess að miklar kröfur séu gerðar til þess að tjónþoli sanni tjón sitt er ljóst að hætta á því að verða skaðabótaskyldur eykst verulega. Bætist við þetta að lögín sem um ræðir megi hæglega brjóta í grandleysi, samanber þann skilning mennta- og menningarmálaráðuneytisins að telja megi mikinn fjölda þeirra sem neyti afþreyingar- og menningarefnis á stafrænu formi brotlega við lögín, er ljóst að verulega er þrengt að athafnafrelsi almennings.

Ekki þarf að fjölyrða um hvaða áhrif það gæti haft á virkni tjáningarfrelsis, svo dæmi sé nefnt, ef menn mættu almennt búast við að verða skaðabótaskyldir við það að tjá skoðanir sínar. Lög sem gæfu tilefni til að ætla slíkt myndu hafa afar óæskileg áhrif á þjóðlífið og varla samrýmast þeim gildum sem byggt er á í lýðræðisríkjum. Hið sama á við um lög sem gefa tilefni til að ætla að venjuleg notkun búnaðar til stafrænnar vinnslu geti leitt til skaðabótaskyldu. Vandséð er að slík lög geti talist eðlileg í nútíma þjóðfélagi þar sem meðferð og vinnsla stafrænna gagna gegnir sífellt mikilvægara hlutverki.

Í 3. mgr. 8. gr. tilskipunar 2001/29/EB frá 22. maí 2001 er lögð sú skylda á aðildarríki að tryggja eigendum höfundaréttar þann möguleika að fara fram á lögbann gagnvart þjónustuveitendum hvers þjónusta er notuð af þriðja manni við brot gegn höfundarétti þeirra. Þar eð þessi tilskipun hefur verið tekin upp í EES-samninginn er ljóst að Íslandi ber skylda til að hafa ákvæði í lögum samþærilegt því sem er að finna í 2. mgr. 13. gr. frumvarpsins. Öðru máli gegnir um ákvæði 1. mgr. þess efnis að samtökum skuli gert kleift að fara fram á lögbann. Slíkt ákvæði er ekki að finna í ofan nefndri tilskipun 2001/29/EB og því engin skylda fyrir hendi til að hafa slíkt ákvæði í lögum.

Samkvæmt dómi Hæstaréttar 6. nóvember 2008 í máli nr. 559/2008 eru höfundaréttarsamtök bær til þess að gæta hagsmuna félagsmanna sinna meðal annars með því að fara fram á lögbann, enda hafi þau til þess umboð. Ekki leikur því vafi á að höfundaréttarsamtök geta nú þegar gætt hagsmuna félagsmanna sinna með virkum hætti, meðal annars með því að krefjast lögbanns gegn aðgerðum sem skert gætu þessa hagsmuni.

Samkvæmt frumvarpinu er tilgangur 1. mgr. 13. gr. að ráða bót á því að „höfundaréttarsamtök geti einvörðungu krafist lögbanns við notum verka þeirra höfunda sem veitt hafa samtökunum umboð sitt til hagsmunagæslu“. Í frumvarpinu kemur fram að það komi að takmörkuðu gagni „þótt einstakir höfundar fái lagt lögbann við ólögmaetum flutningi eða notum á verkum sínum [. . .] vegna þess að verk, sem útgefin hafa verið, eru til í tugþúsunda tali og því auðvelt fyrir þá, sem reka t.d. útvarpsstöð, að sniðganga slíkt bann með [því að] flytja önnur verk en þau sem slíkt bann tæki til.“

Í 1. mgr. 8. gr. höfundalaga er að finna reglu þess efnis að þegar verulegur og samfelldur flutningur verka eða umfangsmikil fjölföldun eða útleiga hafi átt sér stað, skuli talið að flutt hafi verið, leigð út eða fjölfjölduð verk sem vernduð eru að höfundalögum nema annað verði í ljós leitt. Í athugasemdum með frumvarpi að lögum nr. 57/1992 um breytingu á höfundalögum kemur fram að tilgangur þessa ákvæðis sé að greiða fyrir framkvæmd höfundaréttar, enda fyrirhafnarmikið og kostnaðarsamt fyrir höfunda eða samtök þeirra að sannreyna hvort vernduð verk hafi verið flutt. Jafnframt kemur fram sú afstaða höfunda frumvarpsins að eðlilegt sé að þeir aðilar sem stunda og hafa atvinnu af miðlun verka þurfi að sanna heimildir sínar til slíkrar miðlunar, enda „raunlíkur fyrir því að einvörðungu óvernduðu efni sé miðlað þegar um umfangsmikla dreifingu er að ræða næsta hverfandi.“

Til grundvallar ofangreindum athugasemdum, bæði í frumvarpi að lögum nr. 57/1992 og því frumvarpi sem hér er til umræðu, liggur sú forsenda að miðlun efnis án leyfis höfundaréttarsamtaka hljóti að fela í sér brot gegn höfundarétti. Bæði ákvæði 1. mgr. 8. gr. höfundalaga og 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins virðast reist á þessari forsendu þó ljóst megi vera að hún fái ekki staðist. Sú

staðreynd að höfundaréttur lýtur tímatakörkunum og fellur að lokum niður hefur það í för með sér að mikið magn efnis er ekki háð höfundarétti lengur og öllum frjálst til afnota. Þá fer hlutur höfundaréttarvarins efnis sem gefið er út samkvæmt frjálsum leyfum á borð við Creative Commons sívaxandi. Ljóst er að miðill sem flytur slíkt efni brýtur ekki gegn höfundarétti og þarf ekki leyfi höfundaréttarsamtaka til flutningsins. Ekki er heldur hægt að telja að líkur þess að efni sé ekki miðlað í leyfisleysi hverfandi. Þvert á móti verður að telja þær líkur umtalsverðar. Engu að síður myndu ákvæði 13. gr. frumvarpsins veita höfundaréttarsamtökum möguleika að beina lögbannskröfu gegn miðli þar sem sönnunarbyrði þess að miðlun bryti ekki í bága við lög yrði lögð á gerðarþola, samanber 1. mgr. 8. gr. höfundalaga. Vandséð er að slíkt fyrirkomulag fái staðist í ljósi þess sem að framan er rakið.

FSFÍ telur þá heimild sem samtökum yrði fengin með 1. mgr. 13. gr. frumvarpsins til að krefjast almenns lögbanns gegn notkun verka of víðtæka, ekki síst í ljósi 1. mgr. 8. gr. höfundalaga. Að mati FSFÍ er sönnunarbyrði sú sem lögð er á miðil í 1. mgr. 8. gr. höfundalaga ófyrstíganleg fyrir vefsetur á borð við YouTube og Wikipedia sem hýsa efni sem notendur þeirra hlaða upp. Verði heimilt að beina almennri lögbannskröfu gegn miðlun efnis að slíkum vefsetrum er ljóst að ekki verður lengur grundvöllur til að starfrækja þau hér á landi. Er sú niðurstaða með öllu óviðunandi í ljósi síaukins mikilvægis notendaknúinna vefsetra af öllu tagi í daglegu lífi flestra Íslendinga.

FSFÍ leggur áherslu á að skýrt verði kveðið á um að heimild höfundaréttarsamtaka til að krefjast lögbanns gegn notkun efnis einskorðist við það efni sem raunverulega er í eigu samtakanna eða félagsmanna þeirra og að tekið verði af skarið um að þeim sem lögbannskrafa beinist gegn verði ekki gert að sanna sakleysi sitt, enda myndi sú sönnunarbyrði leiða til þess að ógerlegt yrði að starfrækja margar tegundir vefsetra á Íslandi.

Að mati FSFÍ tekur frumvarp það er hér liggur fyrir fyrst og fremst mið af hagsmunum þeirra sem telja brotið gegn höfundarétti sínum. Helsta markmið 11., 12. og 13. gr. frumvarpsins virðist vera það að auðvelda eigendum höfundaréttar og hagsmunasamtökum þeirra að framfylgja rétti sínum. Við slíkt markmið er ekkert að athuga í sjálfu sér, enda eðlilegt að þau réttarræði sem til staðar eru séu sem virkust. Þetta markmið má hins vegar ekki verða til þess að önnur markmið náist ekki. Markmið FSFÍ er að stuðla að sem bestri hagnýtingu þeirra möguleika sem hinn stafræni heimur býður upp á. Til að þetta markmið geti náðst þarf almenningur að njóta frelsis í hinum stafræna heimi. Að þessu frelsi er vegið með ákvæðum frumvarpsins, enda felast í því heimildir til að gera tölvubúnað upptækan, dæma tölvunotendur til að greiða skaðabætur og fá lagt lögbann á miðlun upplýsinga.

Þó FSFÍ viðurkenni fúslega að virk réttarræði séu nauðsynleg til þess að eigendur höfundaréttar

geti notið réttar síns leggur félagið ríka áherslu á að slík úrræði verði að binda ströngum skilyrðum og afmarka með þeim hætti að ljóst sé að þær ógni ekki grundvelli hins stafræna heims. Það þjónar ekki hagsmunum neins, hvorki eigenda höfundaréttar né annarra, að venjuleg tölvu- og netnotkun sé lýst andstæð lögum. Engu að síður er það niðurstaða höfunda frumvarpsins sjálfs að með þeirri breytingu á höfundalögum sem gerð var með lögum nr. 9/2006 hafi venjuleg neysla afþreyingar- og menningarefnis á stafrænu sniði með algengum afspilunarbúnaði verið lýst ólöglegt. Með því frumvarpi sem hér liggur fyrir er haldið áfram á sömu braut og enn aukin vernd höfundaréttar á kostnað athafnafrelsis og réttaröryggis almennings. Er vart hægt að draga aðra ályktun af ummælum í frumvarpinu varðandi ólöglegu þess að neyta afþreyingar- og menningarefnis á stafrænu formi með ýmsum algengum afspilunarbúnaði en að eftirleiðis verði heimilt að gera þennan afspilunarbúnað upptækan og dæma notanda hans til að greiða skaðabætur, enda felist í notkuninni sjálfri brot gegn höfundalögum. Er slíkt réttarástand með öllu óþolandi að mati FSFÍ.

Það veldur FSFÍ sérstökum áhyggjum að í frumvarpinu birtist tilhneiging til að fela samtökum rétt-hafa í síauknum mæli lögreglu- og ákærvald í málum er varða brot gegn höfundalögum. Aðrir en eigendur höfundaréttar, sem eru þolendur afbrota, verða að sæta því að lögregla rannsaki afbrotið og ákærvaldið höfði dómsmál og afli sönnunargagna í því. Telji þeir sig hafa orðið fyrir tjóni eiga þeir þess kost að gera skaðabótakröfu og fá hana dæmda á grundvelli almennra reglna. Þolendur afbrota sem telja verður miklum mun alvarlegri en brot gegn höfundarétti eiga þess ekki kost að rannsaka mál sjálfir og afla sönnunargagna með afbrigðilegum hætti á kostnað þess sem brotið hefur af sér. Slíkir þolendur afbrota þurfa eftir sem áður að sanna tjón sitt eftir almennum reglum vilji þeir fá það bætt. Þeir geta ekki krafist þess að fá afhenta muni sem sá sem brotið hefur gegn þeim hefur notað við afbrotið.

FSFÍ fær ekki séð hvaða ástæður geti staðið til þess að aðrar reglur skuli gilda um brot á höfundalögum en gilda um brot á öðrum lögum. Slík afbrot ber að mati félagsins að rannsaka og ákæra vegna þeirra á sama grundvelli og önnur afbrot. Burtséð frá því að ekki verða fundin nein rök sem mæla með því að sérstakt réttarfar gildi um brot gegn höfundarétti er það sérstakt áhyggjuefni með hvaða hætti slíkar sérreglur geta skert réttindi hins almenna borgara.

FSFÍ er stofnað til að standa vörð um stafrænt frelsi. Í því felst meðal annars frelsi til að athafna sig í hinum stafræna heimi og nýta þá möguleika sem hann býður upp á. Hér að ofan er rakið hvernig tölvu- og netnotkun verður sífellt miðlægari og mikilvægari þáttur í lífi flestra. Að mati FSFÍ stendur frelsi okkar allra til þess að nota tölvur og netið ógn af síauknum heimildum eigenda höfundaréttar til að beita þvingandi úrræðum gegn þeim sem þeir gruna um að brjóta gegn höfundarétti sínum.

FSFÍ telur að við mat á því hvort lögleiða skuli slíkar heimildir verði að taka eðlilegt tillit ekki aðeins til hagsmuna eigenda höfundaréttar heldur einnig til hagsmuna almennings. Niðurstaða FSFÍ er sú að það hafi ekki verið gert við samningu þessa frumvarps. Félagið mælist því til að frumvarpið verði endurskoðað með það að leiðarljósi að gefa hagsmunum tölvu- og netnotenda meira vægi.

Virðingarfyllt,
Félag um stafrænt frelsi á Íslandi